



Listin að lesa
og skrifa



Í Hólaseli





Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Mamma, má ég fara
í Hóla-sel? sagði Hera.

Já, Hera mín, sagði mamma.

En ég, má ég fara
í Hóla-sel? sagði Halli.

Já, já, Halli minn.



Ég vil vera vofa,
sagði Hera.

Má ég vera Hómer?
sagði Halli.



Já, Halli minn, sagði mamma.

Hera vofa og Halli Hómer.

Hera og Halli fara
saman í Hólasel.

Í Hólaseli er salur.

Í Hólaseli eru
sófar og fánar,
fínir sófar og fínir fánar.



Hvað sjá Hera og Halli í Hólaseli? Hvernig eru fánarnir á litinn?
En sófarnir? Hvað merkir orðið salur?



Hæ, hér er ég, sagði Ævar.
Ævar er 8 ára.
Ég er Emil.

Hér er ég, sagði Jóna.
Hún er 6 ára.

Ég er séra Jón, sagði Jóna.
Ha, ha, ha, sagði Hera.

Ég sé Línu
og héra, sagði Halli.



Lína og hérinn
eru í sófanum.

Lína er að mála hérann
og hérinn er að mála Línu.



Hæ, Lína, hæ, héri,
sagði Halli.

Lína er fín, sagði hérinn.

Hérinn er að hæla mér,
sagði Lína sæl.

Hérinn og Lína eru sæl saman.

Ég sé hænu,
sagði Halli.



Hæ, hæna, sagði Hera.

Hæ, sagði hænan.

Nú er ég fúl.

Ég vil fá risa-rís og safa.

Ekki vera fúl, hæna mín,
sagði Hera.



Í hvernig buxum er hænan? Hvað er hún með á höfðinu?
Af hverju ætli hænan sé svona fúl?



Hér er safi og risa-rís,
sagði Hera.

Nú er hænán ekki fúl.

Og Halli Hómer,
Hera vofa,
Jóna sem er séra Jón
og Ævar sem er Emil
fá safa og risa-rís.

Nokkur orð um notkun bókarinnar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli, myndum og kaflaheitum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin. Þegar barnið hefur lesið textann má svo spyrja spurninga úr textanum til að ganga úr skugga um lesskilninginn.

Í Hólaseli

Lestrarbók 8a

ISBN 978-9979-0-2508-5

© 2004 Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© 2004 teikningar Margrét E. Laxness

Ritstjórn: Sýlvía Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2004

önnur prentun 2018

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Margrét E. Laxness

Litgreining: Litróf

Prentun: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir æ, é og h æfðir sérstaklega ásamt orðmyndunum og, ekki, ég, sagði, mamma, Halli, minn og að.

Höfundar texta eru
Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Myndir gerði Margrét E. Laxness.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40249